

3. gr.

Vegna meðferðar hættulegra efna, sbr. lög nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni og reglugerð nr. 455/1975 um eftirlit með framkvæmd ákvæða sömu laga, greiði eftirlitsskyld fyrirtæki, sem nota, flytja, framleiða eða geyma þessi efni, tvöfalt persónugjald, samanber A-lið þessarar gjaldskrár og auk þess fast gjald kr. 8 000.00.

4. gr.

Reynist tekjur eftirlitsins ekki nægar samkv. gjaldskrá þessari, til þess að standa undir kostnaði við framkvæmd eftirlitsins, er öryggismálastjóra heimilt, að fengnu samþykki ráðuneytisins, að hækka gjöldin um allt að 25% eftir því, sem með þarf.

5. gr.

Þegar teikningum af fyrirhuguðum breytingum fyrirtækis eða fyrirkomulagi fyrirtækis, sem fyrirhugað er að reisa, eru sendar eftirlitinu til umsagnar, greiðist ekki gjald fyrir umsögnina. Þurfi eftirlitsmaður, að ósk eiganda að takast sérstaka ferð á hendur vegna umsagnar um öryggismál, úttektar eða fyrirkomulags utan hinna áætluðu skoðunarferða skal eigandi greiða þann kostnað, sem af ferðinni leiðir.

6. gr.

Fyrir önnur störf en þau, sem gjaldskráin gerir ráð fyrir en eðlilegt eða skylt er að stofnunin gegni, greiðast gjöld með hliðsjón af gjaldskránni eftir því hve umfangsmikil störfín eru.

7. gr.

Fyrirtæki, þar sem fimm verkamenn eða færri vinna eða notuð er orka, sem eigi fer fram úr 3 hö., skulu undanþegin eftirlitsgjaldi, nema annað sé ákveðið af öryggismálastjóra, enda sé vinnu þannig háttað, að eftirlits sé eigi brýn þörf.

Gjaldskrá þessi, sem sef er samkvæmt 47. gr. laga nr. 23 1. febrúar 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sbr. lög nr. 52 20. maí 1955, um breytingu á þeim lögum, öðlast gildi 1. apríl 1976 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir eftirlit með öryggisráðstöfunum á vinnustöðum nr. 312 12. október 1973.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. mars 1976.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva í poka botnvörpu og flotvörpu skal vera 155 mm. Ávallt skulu a. m. k. öftustu 8 metrar botnvörpu og flotvörpu vera gerðir úr riðli með lágmarksmöskvastærðinni 155 mm.

Lágmarksstærð möskva í öðrum hlutum botnvörpu og flotvörpu, en í 1. mgr. greinir, skal vera 135 mm.

2. gr.

Drátt fyrir ákvæði 1. mgr. 1. gr. er skipum, sem stunda karfaveiðar, heimilt að

nota riðil með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm í þeim hlutum botnvörpu eða flotvörpu, sem þar greinir, á eftirgreindum svæðum:

- A. Á svæði fyrir Vestur- og Suðurlandi utan línu, sem dregin er 310° réttvísandi frá stað $66^\circ 00' 0$ n.br., $25^\circ 15' 0$ v.lgd., og utan línu sem dregin er frá stað $66^\circ 00' 0$ n.br., $25^\circ 15' 0$ v.lgd., í stað $64^\circ 53' 0$ n.br. $25^\circ 15' 0$ v.lgd. og þaðan í 90° réttvísandi að stað í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975, síðan í 12 sjómílna fjarlægð frá grunnlínu suður og austur um að $19^\circ 50' 0$ v.lgd. þaðan í stað $63^\circ 06' 0$ n.br., $18^\circ 00' 0$ v.lgd. síðan í 65° réttvísandi að $10^\circ 00' 0$ v.lgd. og þaðan 90° réttvísandi út að mörkum fiskveiðilandhelginnar.
- B. Á tímabilinu 1. september til 31. desember á svæði milli $18^\circ 00' 0$ v.lgd. og $21^\circ 00' 0$ v.lgd. Að norðan markast svæðið af línu, sem dregin er 6 sjómíllur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 299/1975.

3. gr.

Lágmarksstærð möskva humarvörpu skal vera 80 mm.

4. gr.

Lágmarksstærð möskva rækjuvörpu skal vera 45 mm í vængjum, aftur að fremsta horni neðra byrðis og 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

5. gr.

Lágmarksstærð möskva botnvörpu og flotvörpu, sem notuð er til þess að veiða spærling, loðnu, kolmunna og ískóð, skal vera 16 mm.

6. gr.

Þegar möskvi er mældur, skal hann teygður horna á milli eftir lengd netsins. Skal þá flöt mælistika, sem er jafnbreið leyfilegri lágmarksmöskvastærð (sbr. 1.—5. gr.) og 2 mm þykk, komast auðveldlega í gegnum möskvann, þegar netið er vott.

7. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með smáriðnum botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 3.—5. gr. reglugerðar þessarar, er það aðeins heimilt að því tilskildu, að a) slík veiðarfæri noti skipin aðeins til þess að veiða þær tegundir, sem veiðarfærin eru gerð fyrir og b) öllum fiski, sem í þau fæst og ekki nær lágmarksstærð þeirri, sem heimilt er að hirða verði þegar fleygt útbyrðis.

8. gr.

Ekkert skip má við veiðar nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva þá, sem lýst er í 1.—5. gr. reglugerðar þessarar. Þó skal ekki teljast ólöglegt til 31. desember 1977:

- A) að festa undir poka botnvörpu og flotvörpu segldúk, net eða annað efni í því skyni að forða eða draga úr slit, þó þannig, að þessir slitvarar eða hlifar séu aðeins festar að framan og á hliðunum við pokann.
- B) að festa við poka botnvörpu og flotvörpu netbút úr sama efni og pokinn er gerður úr. Möskvar netbútsins skulu rúmlega helmingi stærri en möskvar pokans, og skal netbúturinn festur við pokann að framan, á hliðunum og aftan þannig, og hver möskvi netbútsins falli saman við fjóra möskva pokans.

9. gr.

Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 4. og 5. gr. er heimilt að nota styrktarpoka úr sverara garni en pokinn er sjálfur gerður úr. Lágmarksmöskvastærð slíks styrktarpoka skal vera 80 mm sbr. 6. gr.

10. gr.

Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 12. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 45 13. maí 1974 og er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk til rikissjóðs, ef brot þykir gefa tilefni til.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni og 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins sbr. lög nr. 45 13. maí 1974 og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 393 31. desember 1974, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu og um lágmarksstærðir fisktegunda.

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. apríl 1976.

Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar er heimilt til 15. maí 1976 að nota botnvörpunet með lágmarksmöskvastærðinni 120 mm og þrátt fyrir 1. mgr. 1. gr. að nota til 31. desember 1976 botnvörpunet með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm. Ennfremur er heimilt til 15. maí 1977 að nota flotvörpunet með lágmarksmöskvastærðinni 120 mm, þó þannig að eftir 31. desember 1976 taka ákvæði 1. mgr. 1. gr. einnig til flotvörpuneta.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. mars 1976.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 118 9. september 1954,
um sölu og veitingar áfengis.**

1. gr.

8. gr. orðist svo:

Veitingastað skal heimilt að leggja allt að 35% á kaupverð hans á áfengi, þegar neytendum er selt það í heilum eða hálfum flöskum, en þegar sala fer fram í minni skömmtum er veitingastað heimilt að leggja allt að 70% á kaupverðið. Á verðið eins og það hefur verið ákvæðið samkvæmt framansögðu má einungis leggja þjónustugjald og söluskatt, eftir þeim reglum, sem um þau gjöld gilda.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal semja verðskrá yfir útsöluverð áfengis á veitingastað, sem gestir eiga aðgang að. Skal í verðskránni miðað við það, að endan-